

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag Búrfellsvirkjunar.

Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir að stækka virkjunina um 140 MW ásamt því að setja ramma/skilmála fyrir núverandi mannvirki á svæðinu. Innan skipulagssvæðisins er núverandi stöðvarhús, starfsmanna- og þjónustuhús, hesthús, golfvöllur, vegir, tengivirki og Bjarnalón. Einnig er gert ráð fyrir lóð fyrir léttan iðnað sem ekki tengist stækkun virkjunarinnar. Samþykkt í sveitarstjórn 6. janúar 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. janúar 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2016